

## Glímu-keppni úlfalda

Tveir úlfaldar takast á í glímukeppni úlfalda í bænum Seleuk, nálægt borginni Izmir í vestanverðu Tyrklandi. Hundruð úlfalda tóku þátt í keppninni og þúsundir manna fylgdu með henni.

Keppnin er haldin árlega í bænum í janúar. Í hverri glímu eru tvö karldýr látin takast á og sá úlfaldi sem nær að bylta andstæðingnum hreppir kvendýr sem fylgist með rímmunni.



Reuters



Hefur verið lagt Snekkyj Britannia.

## Vilja ekki konunglega snekkju

Breska ríkisstjórnin hefur hafnað þeirri hugmynd menntamálaráðherra Michaelis Gove að breska ríkið greiði fyrir nýja snekkju handa bresku konungsfjölskyldunni í tilefni af 60 ára krýningarafmæli Elísabetar drottningar síðar á árinu. Gove lagði þetta til í bréfi sem hann ritaði menntamálaráðherra landsins. Talsmaður Davíðs Camerons forsætisráðherra gaf litit fyrir þessa hugmynd í gær, sagði hana vera í litlu samræmi við sparnáðarform ríkisstjórnarmanna. Snekkju drottningar, Britannia, hefur verið lagt.

## Fangelsið eins og „leikskóli“

### ● Fjöldamörðinginn iðrast einskis

Norska dagblaðið *Verdens Gang* hefur birt fjórar skýrslur geðlækna sem hafa rannsakað geðheilsu fjöldamörðingjans sem varð 77 manns að bana í Ósló og Útey 22. júlí. Þar kemur meðal annars fram að ódæðismörðinginn iðrast einskis, lætur fara vel um sig í fangelsi og segir að vistin þar sé eins og dvöl í leikskóla.

Torrey Pedersen, ritstjóri *Verdens Gang*, ákvað að birta skýrslurnar í heild þrátt fyrir viðvaranir lögreglu um að upplýsingalekar í fjölmiðla hefðu trúlað rannsóknina. Ein skýrslananna er eftir tvo réttar-geðlækna, Synne Serheim og Torger Husby, sem komust að þeirri niðurstöðu að fjöldamörðinginn væri ósákhæfur vegna ofsóknar-geðklofa. Skýrt var frá meginúrstöðum þeirra í desember.

### Heillapveginn ofstækismaður

Þrjár skýrslananna eru eftir geðlækninum Randi Rosenqvist sem kemst að þeirri niðurstöðu að fjöldamörðinginn sé ekki ósákhæfur vegna geðveiki. Hún rekur „af-þriggilegar yfirlýsingar“ hans til þess að hann sé heltekinn af kenningum samtaka, sem berjast gegn auknum áhrifum íslams í Evrópu, og lýsir honum sem heillapvegnum

### Vonast eftir byltingu

» Mörðinginn telur að fjöldamörðin leiði til byltingar í Noregi.  
» „Hann segist vona að átökin í samfélaginu séu skýrari núna,“ segir í skýrslu geðlækis um fangann.

félaga í öfgasamtökum. „Hann hefur byggt hugmyndir sínar að miklu leyti á bresku, eða ensku, hreyfingunni og hefur ekki haft samband við Norðmenn með sömu hugmyndir.“

Rosenqvist segir að fjöldamörðinginn lýsi þrúðunni sem „leikskóla“. Hann noti æfingasal fangelsisins til að lytta lóðum, lesi bækur um sögu landa, spili tölvuleik þar sem hann byggir borg og horfi á kvikmyndir. „Hann getur hringt hjólu til að fá netóbak eða sigarettur,“ skrifar Rosenqvist.

Geðlæknirinn segir að fjöldamörðingjanum hafi þótt það fyndið að geðlæknar skyldu hafa komist að þeirri niðurstöðu að hann væri ósákhæfur vegna ofsóknarbrjálæðis.  
bog@mbi.is

## Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. janúar 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. janúar 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaaflagingu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðum, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útlagsgjald.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum krófum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. janúar 2012

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólavík	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvalselli
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsavík	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	

## OPIÐ HÚS Viðjugerði 8 - Reykjavík



### LAUST STRAX

Glaslegt bjart og stílhreint 290 fm einbýlishús á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar.

Opið hús verður þriðjudaginn 17. janúar milli kl. 12:00 og 13:00 og aftur sama dag milli kl. 17:00 og 18:00



Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar  
Sími 511 1555